

AUGLÝSING

varðandi hreindýraveiðar.

Ráðuneytið hefur ákveðið, að hreindýraveiðar skuli eigi fara fram árið 1967 og er því frestað um sinn framkvæmd reglna nr. 263/1960, um hreindýraveiðar í Múlasýslum. Þó getur ráðuneytið heimilað veiði nokkurra dýra til áframhaldandi vísindalegra rannsókna á heilbrigði hreindýrastofnsins.

Menntamálaráðuneytið 26. júlí 1967.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

Nr. 127.

2. ágúst 1967.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða nr. 158

10. ágúst 1966.

1. gr.

1. gr. liður VII. orðist svo:

Lyfjabúðir í Akureyrarlæknishéraði skulu, auk hins almenna afgreiðslutíma samkv. I., vera opnar til skiptis eina viku í senn, sem hér segir:

Mánudaga—fimmtudaga	kl. 18—19 og 21—22
Föstudaga	kl. 21—22
Laugardaga	kl. 12—16 og 20—21
Helgidaga og almenna frídaga	kl. 10—12, 15—17 og 20—21
Aðfangadag og gamlársdag	kl. 12—16 og 20—21

Einnig skulu lyfjabúðir annast neyðarvakt að kvöldi- og næturlagi á þeim tíma, sem ekki er opið samkvæmt framangreindu, og skulu þær annast þessa neyðarvakt til skiptis, viku í senn.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 38. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963, öðlast þegar gildi.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 2. ágúst 1967.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.